

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b  
105 Reykjavík



ÖLFUS

Þorlákshöfn, 16. febrúar 2023  
Málsnúmer: 2301040 GJ  
Kt. umsk. 5902695149

Hafnarberg 1  
815 Þorlákshöfn, Ísland  
+354 480 3800 [olfus.is](http://olfus.is)

Á 45. fundi Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss 15.2.2023 sl., var neðangreint erindi tekið fyrir.


### Skógrækt í landi Alviðru við Sogið - umsögn um matsfyrirspurn

*Alviðra fræðslusetur hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttekin 27. janúar 2023, um skógrækt í landi Alviðru við Sogið undir Ingólfsfjalli, Sveitarfélaginu Ölfusi skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að umsagnaraðili gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.*

*Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.*

*Afgreiðsla: Nefndin telur að ágætlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og því sem henni fylgir í tilkynningunni. Framkvæmdin er í samræmi við nýlega samþykkt aðalskipulag Ölfus 2020-2036 og er sveitarfélagið leyfisveitandi á svæðinu.*

Virðingarfyllt,  
f.h. Skipulags- og umhverfisnefndar

  
Gunnlaugur Jónasson  
skipulagsfulltrúi Ölfuss



Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 14. febrúar 2023  
Tilv. 2023-01-31-0077/2.4.1

Efni: Varðar skógrækt í landi Alviðru við Sogið undir Ingólfsfjalli

Með tölvupósti þann 27. janúar leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu skógræktar í landi Alviðru við Sogið undiri Ingólfsfjalli.

Fiskistofa fær ekki séð að fyrirhuguð skógrækt varði lax- eða silungsveiðihagsmuni og að ólíklegt sé að hún muni hafa áhrif á lífríki í Soginu.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Miðað við forsendur í fyrirliggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík**

Selfossi, 20. febrúar 2023  
2301134HS MEB

### **Efni: Alviðra, Ölfusi, skógrækt - Umsögn um framkvæmd**

Þann 27. janúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst Skipulagsstofnunar, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar skógræktar í landi Alviðru, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Um er að ræða hluta jarðarinnar Alviðru sem skipt er upp í 4 svæði eftir tímasetningu gróðursetningar og hvaða tegundir er um að ræða. Fyrsta svæðið spannar ríflega helming þess hluta jarðarinnar sem um ræðir, eða 44 ha. Þar er fyrirhuguð gróðursetning birkis ásamt einstaka reynitré og blæosp inn á milli. Miðað er við 2.500 tré á hektara, í allt að 110.000 tré. Svæðið er í dag að mestu þakið lúpínu. Annað svæðið er berjaland, 4 ha að stærð. Þar verður gróðursett birki, en með minni þéttleika til að vernda berjalandið. Þriðja svæðið er í framhaldi af fyrri gróðursetningu, í svokölluðum Forsetalundi og Lundi Ingva Þorsteinssonar. Þetta svæði verður í bið þar sem hvorki er ljóst hvort af gróðursetningu verður né hvaða tegundir verði þá fyrir valinu. Fjórða svæðið er 12 ha berjaland en nokkuð um sjálfsáið birki og reyni. Ákvörðun um skógrækt þar verður tekin síðar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir eftirfarandi athugasemd:

Í ljósi þess að umrædd skógrækt mun að hluta til fara fram á grannsvæði vatnsverndar við Ingólfsfjall þurfa framkvæmdir að vera í samræmi við reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, og breytingarreglugerð nr. 533/2001 þar sem segir í 2. gr. að vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi skuli vera undir ströngu eftirliti á grannsvæðum vatnsbóla.

Þá er einnig bent á að í skilmálum Aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 um skógræktar- og landgræðslusvæði segir að skógrækt skuli ekki fara nær friðlýstum fornminjum en 20 m. Í kafla greinargerðar tilkynningarinnar um mótvægisáðgerðir er hins vegar talað um 15 m mörk.



Að teknu tilliti til ofangreinds telur embættið að tilkynningin geri að öðru leyti nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu hverfandi/óveruleg. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er ekki starfsleyfisskyld skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

María Bjarnadóttir  
heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun  
Sviðsstjóri, svið umhverfismat  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

01.03.2023  
2023-03-2/0.11.2

## Efni: Umsögn um tilkynningu um skógrækt í landi Alviðru

Áform um skógrækt í landi Alviðru í sveitarfélaginu Ölfusi hafa verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Í matskyldufyrirspurn kemur fram að fyrirhugað er að gróðursetja allt að 110.000 tré á 44 ha svæði í hlíðinni í landi Alviðru. Gert er ráð fyrir að gróðursetja birki ásamt einstaka reynitré og blæðsp inn á milli. Síðar verði metið hvort gróðursett verði í önnur svæði. Fram kemur að Landsnet hafi sent bréf þess efnis að ekki megi gróðursetja undir rafmagnslínu.

Landsnet minnir á að *Selfosslína 1*, sem er 66 kV loftlína á vegum Landsnets, liggur um fyrirhugað skógræktarsvæði. Áhrifasvæði loftlína vegna landnotkunar miðast við helgunarsvæði línunnar. Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Helgunarsvæði loftlína er breytilegt og er ákvarðað í hverju tilviki eftir gerð mannvirkisins í samræmi við íslenska staðla. Breidd svæðisins fer m.a. eftir spennu, hæð mastra og bili milli mastra. Dæmigerð breidd helgunarsvæðis 66 kV loftlínu er 25 m, þ.e. 12,5 m til hvorrar handar frá línunni.

Tryggja þarf að helgunarsvæði háspennulínunnar sé virkt. Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Nauðsynlegt er að tryggja greiðan aðgang að línunum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna.

Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð* sem er að finna á heimasíðu Landsnets<sup>1</sup>. Landsnet bendir jafnframt á kortavefsjá fyrirtækisins <https://www.map.is/landsnet/> en þar má sjá nákvæma legu háspennulínunnar.

Í kafla um mótvægisaðgerðir í matskyldufyrirspurninni kemur fram að settar verði sérstakar merkingar til að hindra gróðursetningu innan tilgreindra vistgerða og að ekki verði gróðursett á svæðum umhverfis þekktar fornminjar. Landsnet leggur áherslu á að í kaflanum verði einnig gerð grein fyrir hvernig gróðursetningu verði háttað nærri háspennulínunni þannig að trjágróður ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns og að persónuöryggi verði tryggt.

Samráð skal haft við Landsnet um framkvæmdir innan helgunarsvæða háspennulína á vegum fyrirtækisins, þ.m.t. trjárækt. Einnig þarf leyfi Landsnets vegna vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri.

Virðingarfyllt

---

Einar S. Einarsson  
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

---

<sup>1</sup> <https://www.landsnet.is/library?itemid=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932>

# Undirritunarsíða

Einar Snorri Einarsson



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2023  
MÍ202302-0078/ 6.07 / K.M.

## Efni: Skógrækt í landi Alviðru við Sogið í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 27. jan. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is

Jörðin Alviðra er staðsett á milli Sogsins og Ingólfsfjalls í Grafningi innan marka sveitarfélagsins Ölfus. Jörðin er sameiginleg eign Landverndar og Héraðsnefndar Árnessýslu. Áform eru uppi um ræktun birkiskóga á jörðinni.

Í greinargerð framkvæmdaraðilans kemur fram að skógræktarsvæðinu er skipt í fjóra hluta. Samtals virðast svæðin vera rúmir 60 ha að stærð. Afmörkun svæðanna er sýnd á loftmynd sem fylgdi greinargerðinni.

Staðsetning minja er merkt með punktum inn á loftmyndina. Ekki er mikið fjallað um fornleifar í greinargerðinni. Þar kemur fram að á skógræktarsvæðinu er túngarður út grjóti og gömul þjóðleið sem ætlunin er að nýta sem gönguleið um svæðið. Þá segir að ekki verði gróðursett á 15 m svæði umhverfis þekktar fornleifar.

Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá árinu 2020, *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla III. Fyrri bindi*. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum í landi Alviðru. Punktarnir á loftmynd í greinargerð framkvæmdaraðilans eru fengnir úr skýrslu Fornleifastofnunar. Erfitt er þó að bera þetta saman og sjá hvort eitthvað vantar upp á á loftmyndinni því við punktana á loftmyndinni eru engin númer. Túngarðurinn sem talað er um í greinargerðinni er þó líklega það sem eftir er af túngarðinum um gamla heimatúnið (ÁR-486:025).


Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Eins og á öðrum jörðum þar sem búið hefur verið um aldir er flestar fornleifar að finna á og í næsta nágrenni bæjarstæðis Alviðru. Skógrækt er ekki fyrirhuguð innan gamla heimatúnsins.

Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu skógræktarsvæði á jörðinni Alviðru. Fornleifaskráning Fornleifastofnunar Íslands ses er nýleg og þar er að finna lýsingu á fornleifum innan jarðarinnar. Staðsetning fornleifanna er gefin upp í hnitum. Auðvelt ætti því að vera að komast hjá því að raska fornleifum með trjárækt á svæðinu. Vakin er athygli á að í 22. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að umhverfis fornleifar skal vera 15 m friðhelgað svæði nema annað sé ákveðið.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jón Smári Jónsson ([jon.smari.jonsson@skipulag.is](mailto:jon.smari.jonsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. febrúar 2023  
Málsnúmer: 202301-0124  
SS

## Efni: Umsögn um tilkynnta framkvæmd á skógrækt í landi Alviðru við Sogið.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 27. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Alviðru fræðsluseturs á skógrækt í landi Alviðru við Sogið undir Ingólfsfjalli, í Sveitarfélaginu Ölfusi, eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum skv. ákvæðum laga nr. 111/2021.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér framkvæmdina og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Áætluð nýskógrækt er undir viðmiðunarmörkum 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana, en er tilkynningarskyld því hún er innan svæðis á gildandi náttúruminjasrá (C-hluta) – svæði nr. 747: „Alviðra og Sog.“. Það svæði er m.a. metið með hátt verndargildi vegna fuglalífs og gróðurfars.

Stefnt er að því að gróðursetja fyrst og fremst birki auk einstaka plantna af reynitré og blæösp. Þá á að reyna að hemja útbreiðslu lúpínu á svæðinu og m.a. gróðursetja birkið inn í lúpínubreiður. Stefnt er að því að gróðursetja í minni þéttleika þar sem fyrir er berjalýng til að stuðla að góðu samlífi trjágróðurs og lyngtegunda. Ekki er stefnt að því að gróðursetja innfluttar trjátegundir. Þá er ekki gert ráð fyrir neinni véltækri jarðvinnslu.

Náttúrufræðistofnun telur þessar áherslur í skógræktinni vera góðar og falla vel að eðli svæðisins sem náttúruverndarsvæði. Taka á tillit til gróðurfars sem fyrir er og hlífa því sem hefur hæst verndargildi. Einnig er tekið tillit til jarðminja þ.e. malarhjalla eftir forna sjávarstöðu. Helsta afleiðingin sem mögulega getur verið neikvæð er að búsvæði mófugla geta dregist saman. Að mati Náttúrufræðistofnunar væri heppilegt að hafa gögn um þéttleika mófugla á svæðinu. Vitað er að margar mófuglategundir forðast nábýli við trjágróður. Endurheimt votlendis sem þegar hefur farið fram í landi Alviðru gagnast sumum tegundum sem gætu misst búsvæði sín vegna skógræktar en þó alls ekki öllum. Náttúrufræðistofnun leggur til að Alviðra fræðslusetur láti framkvæma úttekt á fuglalífi svæðisins til að geta skipulagt skógræktaráform þannig að þau hafi sem minnst áhrif á fugla. Annars er það mat Náttúrufræðistofnunar að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
b.t. Jóns Smára Jónssonar  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)  
[jon.smari.jonsson@skipulag.is](mailto:jon.smari.jonsson@skipulag.is)

Selfossi, 20. febrúar 2023

Efni: **Beiðni um umsögn - Skógrækt í landi Alviðru við Sogið undiri Ingólfsfjalli**

Vísað er til erindis sem Skógræktinni barst 27. janúar 2023 frá Skipulagsstofnun með ósk um umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Skógræktin hefur kynnt sér greinargerðir sem fylgdu með tillögunum. Umsögnin er eftirfarandi:

Skógræktin metur það svo, að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, a.m.k. því sem að Skógræktinni snýr. Skógræktin telur engra mótvægisáðgerða þörf, og að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu almennt jákvæð á allan hátt. Greinargerðin er að mati Skógræktarinnar fullnægjandi og einskis vants þar.

Skógræktin metur það svo að framkvæmdin ætti ekki að þurfa að fara í umhverfismat. Þetta mat er byggt á 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Ætla má að einkum eigi við um þessa framkvæmd liður 2-iii (a), um náttúruminjar í A-, B, og C-hluta náttúruminjaskrár. Skógræktin bendir á að umrætt fyrirhugað skógræktarsvæði er á svæði í C-hluta náttúruminjaskrár (nr. 747, Alviðra og Sog) einsog réttilega getið er í greinargerðinni. Þar segir að ástæða verndunar sé „[f]jölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjöríð útivistarsvæði.“ Skógræktin telur að umrædd skógræktaráform minnki í engu þetta verndargildi – gróðurfjölbreytni muni að mestu leyti aukast, áhrif á fuglalíf eru jákvæð og hverfandi neikvæð. Útivistargildi svæðisins mun og aukast mikið með skógrækt, og er þar til nokkurs að vinna.

Það er og álit Skógræktarinnar að engir aðrir liðir í 2. viðauka laganna virðist til þess fallnir að byggð sé á þeim þörf á umhverfismati.

Framkvæmdin þarfnast engra þeirra leyfa við sem Skógræktin hefur á sinni könnu að veita.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. Skógræktarinnar,



Páll Sigurðsson, skipulagsfulltrúi

[pall.sigurdsson@skogur.is](mailto:pall.sigurdsson@skogur.is)

Austurvegi 3,  
800 Selfoss  
gsm. 849-2912